

um öll atvik að glæpnum, til þess að hún verði borin saman við hinn fyrri framburð hans í málinu og aðrar skýrslur í því.

Allan kostnað, sem leitt hefur af þessari áfrýjan málsins, verður hjeradsdómarinn að greiða, þar með talin málflytningu- og verklaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. — Það vottast, að málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjadi aukarjettardómur skal ómerkur vera og heimvísast sökinni til löglegrar meðferðar og dómsáleggingar. Allan kostnað, sem áfrýjun máls þessa hefur í för með sjer, greiði hjeradsdómarinn, sýslumaður Benedikt Sveinsson þar með talin málflytningu- og verklaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra, og greiðist þetta innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 16. maímánaðar.

Nr. 3/1892:

Eiríkur Magnússon  
gegn  
Birni Jónssyni.

D ó m u r:

Mál þetta hefur áfrýjandinn, Eiríkur Magnússon, bókavörður í Cambridge, höfðað gegn stefnda, Birni

Jónssyni, ritstjóra blaðsins »Ísafold«, út af grein í 17. árg. 50. tölublaði blaðs þessa, er út kom 21. júní 1890, með fyrirsögninni »Bankadella Eiríks Magnússonar«, sem áfrýjandinn taldi í heild sinni meiðandi fyrir sig og krafðist því, að stefnda væri refsað fyrir, auk ómerkingar á meiðyrðunum og málskostnaðar. Hinn stefndi bar það fyrir sig sjer til varnar, að hin umstefnda grein hefði að eins verið lögmæt neyðarvörn gegn margítrekuðum æruleysisskömmum og sakargiptum gegn sjer af hendi áfrýjandans í ýmsum blöðum, sem hann sumpart framlagði í málinu, og krafðist því algjörðrar sýkunar af kærnu áfrýjandans, og til vara höfðaði hann gagnsóknarmál gegn áfrýjandanum til kompensatiónar út af þessum ærumeiðingum um sig og til ómerkingar á þeim. Mál þetta var dæmt 2. júlímán. f. á. á bæjarþingi Reykjavíkur, þannig, að orð þau og ummæli í ofanefndri Ísafoldargrein, sem undirdómarinn áleit meiðandi fyrir áfrýjandann, voru dæmd dauð og ómerk, nefnilega orðin: »tilhæfulaus og þrælmannleg ósannindi, svo djöfulleg, að hefði maðurinn verið talinn með öllum mjalla, þá hefði hann verðskuldað, að hver ærlegur maður hrækti í andlit honum fyrir allan þann róg og lygi, er hann hefur borið á alla beztu menn landsins (þingmenn þjóðarinnar og ædstu embættismenn), sem hann einu nafni kallar finanz-bófa«, »dæmi til jafnsamvizkulausrar ósvífni«, »Það er langt síðan . . . . . að maður með skynsemi Eiríks Magnússonar geti komið fram í góðri trú«, »samvizkulaust hatursmál«, »að maðurinn hafi . . . . . skrúfu lausa, sje að nokkru leyti brjáláður og vafalaust geðveikur«. Að öðru leyti var stefndi sýknaður af kærum og kröfum áfrýjandans í mál-

inu. Gagnsökinni var vísað frá dómi og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur sækjandinn, Eiríkur Magnússon, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 9. febr. þ. á., og krafizt þess, að undirrjettardómurinn verði felldur úr gildi, nema orðin: »Framantalið meiðandi ummæli um aðalsækjanda Eirík bókavörð Magnússon eiga að vera dauð og ómerk«, og orðin: »Gagnsökinni víasast frá dómi«, að orðin: »bankadella«, »þvættlingur«, »fletta ofan af helztu vitleysum Eiríks«, »tekið til þeirra Eiríks og þvegið þeim um höfuðið« og »illmæli« verði dæmd dauð og ómerk, að stefndi sæti hinni hæstu sekt, er lög ákveða, fyrir hina umkærðu ærumeiðandi grein, og að hann verði dæmdur til þess að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, og loks hefur hann krafizt þess, að málsfærslumaður stefnda fyrir undirrjettinum, Hannes landritari Hafstein, verði sektaður fyrir ósæmilegan rithátt og ósannindi um sig fyrir rjetti, auk þess sem hann hefur gjört kröfur nokkrar um ábyrgð gegn blutadeigandi undirdómara og gegn stefnda, sem eigi geta komið til álita í þessu máli, eins og það liggur fyrir. Hinn stefndi hefur krafizt þess aptur á móti, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með hæfilegri upphæð.

Eptir því sem framkomið er í máli þessu, eru tildrög þess þau, að áfrýjandinn hefur um nokkur undanfarin ár skrifað greinir í ýms blöð, bæði hjer á landi og í Vesturheimi, um landsbankann í Reykjavík og fyrirkomulag hans, sjerstaklega í sambandi við póst-ávisanasendingar, og hefur hann, eptir því sem stefndi hefur ómótmælt borið fram, í greinum þessum haldið

Því fram, að landshöfðinginn og ráðgjafinn hafi gjört samsæri við Gyðinga í Kaupmannahöfn um að svíkja í ágóðaskyni allt Ísland, með fyrirkomulagi bankans, ýmist í hendur Gyðinga eða undir Danmörku, og í þessu samsæri væru einnig þingmenn þjóðarinnar og ritstjórnir, sem hann ásamt hinum fyrnefndu kallar finanz-bófa og fl. nöfnum. Út af greinum áfrýjandans, sem voru þessa innihalds, var mestur hluti hinnar umstefndu greinar upprunalega ritaður og birtur í blaðinu »Lögberg«, en síðan var hann tekinn upp í Ísafold með formála eptir stefnda sem ritstjóra blaðsins. Auk þess nú að færa sjer til afsökunar eða jafnvel rjettlætningar fyrir birtingu hinnar umstefndu greinar þessar vitanlega öldungis ástæðulausu sakargiptir og getsakir Eiríks Magnússonar, hefur stefndi einnig í sama skyni lagt fram í málinu ýms blöð, sem út hafa komið fyrir og eptir að hin umstefnda grein kom út, og sem innihalda meidandi ummæli af hendi áfrýjandans um stefnda og blað hans, og hefur hann sjerstaklega talið þessi dæmi: »og svo hefur blaðið (Ísafold) nú gerzt svo andstyggilega órælegt í þessu landsins lang-ískyggilegasta máli«, »sannfæring Ísafoldar, að skuldin sje svikaskuld; þess vegna fengu þau henni svikavörn«, »þrjedika rjettlæti óhæfunnar með ranglæti vjela og fals«, »halda áfram að vjela og tæla landsmenn í bankamálinu« (Lögberg <sup>15</sup>/<sub>1</sub> 1890), »landsstjórnin lætur skaðræðisblaðið Ísafold færa mönnum hið bíræfna finanz-þvaður« (Lögberg <sup>22</sup>/<sub>1</sub> 90), »móti lyga- og svikagreinum Ísafoldar« (Heimskringla <sup>12</sup>/<sub>6</sub> 1890), »sömu lygarnar, sömu vjelarnar« (s. st.), »þið vitið allir, að þið hafið logið mál, svikamál að verja« (Heimskringla <sup>19</sup>/<sub>6</sub> 1890), »full af lygum og vjelum um hið sorglegasta svikamál, sem jeg veit nokkur tíma hafa verið

framið á saklausri þjóð« (Heimskringla 3. júlí 1890), »landráðalegar vjelar þeirra Ísafoldar og Þjóðólfs«, »stærsta fínanz-flónið á landinu«, »ritstjóri Ísafoldar talar af samvizzkulausu kæruleysi«, »þessi stórsyndugi fínanz-þjáni« (Þjóðviljinn 31. okt. 1890).

Yfirdómurinn verður nú að fallast á, að undirdómarinn hefur dæmt dauð og ómerk hin að framan töldu ummæli í hinni umstefndu Ísafoldargrein sem freklega meidandi og móðgandi fyrir áfrýjandann, en auk þess virðist einnig rjett, samkvæmt kröfu áfrýjanda, að ómerkja orðin »bankadella« og »þvættingur«, sem undirdómarinn hefur eigi álitid meidandi. Að því er snertir kröfu áfrýjanda um hegningu á stefnda fyrir meidyrði þessi, þá virðist að vísu rjett, að taka það til-lit til varnarástæðna þeirra af stefnda hendi, er nú hafa verið taldar, að beitt verði í þessu máli, eins og undirdómarinn hefur gjört, 221. gr. hegningarlaganna, þó eigi svo, að hegning fyrir hina umstefndu grein verði látin falla niður með öllu, því að til þess þykja sum meidyrðin í henni vera of stórvægileg, einkum orðin: »Þrælmannleg ósannindi, svo djöffulleg, að hefði maðurinn verið talinn með öllum mjalla, þá hefði hann verðskuldað, að hver ærlegur maður hrækti í andlit honum« o. s. frv. Það virðist því rjett, að stefndi sæti sekt fyrir hin umstefndu meidyrði samkvæmt 218. gr. hinna almennu hegningarlaga, er með hliðsjón af 221. gr. sömu laga ákveðst 100 krónur, og afplánist með 30 daga einföldu fangelsi, ef sektin er ekki greidd í ákveðinn tíma. Það virðist einnig rjett, að stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað fyrir undir- og yfirdómi 40 krónur. Það þykir ekki hafa verið ástæða fyrir undirdómarann til þess að sekta umboðsmann stefnda fyrir

undirrettinum ex officio fyrir ósæmilegan rithátt, og verður því krafa áfrýjanda hjer að lútandi eigi tekin til greina.

Því dæmist rjett að vera

Stefndi, ritstjóri Björn Jónsson, á að greiða 100 króna sekt, er renni í landssjóð, en sæti 30 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í ákveðinn tíma. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjandann, bókavörð Eirík Magnússon, eiga dauð og ómerk að vera. Stefndi greiði áfrýjandanum í málskostnað fyrir undir- og yfirdómi 40 krónur.

Dómi þessum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 13. júnímánaðar.

Nr. 11/1892:

E. Egilsson

gegn

W. Ó. Breiðfjörð f. h.

fjelagsins »Reykvíkingur«.

D ó m u r:

Mál þetta var höfðað í hjeraði af áfrýjandanum E. Egilsson í Görðunum við Reykjavík, gegn stefnda, kaupmanni W. Ó. Breiðfjörð í Reykjavík, til þess að fá nefndan kaupmann dæmdan til sem formann fjelags nokkurs, er nefnir sig »Reykvíkingur,« að greiða áfrýjandanum 100 kr. eptirstöðvar af mánaðarstyrk, er fjelagið hafði undirgengizt að greiða áfrýjandanum fyrir útgáfu, ritstjórn og ábyrgð á blaðinu Reykvíkingur frá